



Fjarnám í Verzlunarskóla Íslands
2023 - 2024

Skýrsla kennslustjóra fjarnáms

Efniyfirlit

Inngangur	2
Haustönn 2023	2
Vorönn 2024	2
Sumarönn 2024	3
Tafla 1. Fjarnemendur VÍ skólaárið 2023-2024 , tölur úr gagnagrunni INNU.....	4
Fagnám verzlunar og þjónustu	4
Tafla 2. Nemendur fagnáms skólaárið 2023-2024, tölur úr gagnagrunni INNU.....	5
Fjöldi ársnemenda skólaárið 2023-2024	5
Tafla 3. Fjöldi ársnemenda í fjarnámi Verzlunarskóla Íslands veturinn 2023-2024. .	6
Fjarnámsgjöld	6
Kennslukerfið.....	6
Námsmat	6
Lokaorð	7

Inngangur

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur verið rekið í núverandi mynd síðan haustið 2005. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfseminni skólaárið 2023-2024. Til viðbótar við hefðbundna fjarnámið, kom fagnám verslunar og þjónustu til sögunnar á vorönn 2020 og verður því einnig gerð skil hér.

Haustönn 2023

Á haustönn 2023 var 91 áfangi kenndur, en fleiri áfangar voru í boði. Áfangar á haustönn 2022 voru 97. Fjarkennarar á haustönn 2023 voru 45, en 47 á haustönn 2022.

Á haustönn 2023 voru 333 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur var skoðaður kom í ljós að:

- Nemendur á haustönn 2023 voru 5 nemendum færri en á haustönn 2022 og nam fækkunin 1,5% á milli þessara ára.
- Af 323 nemendum haustannar 2023 voru konur 183 (55,0%), karlar 149 (44,7%) og einn nemandi var ekki tilgreindur með kyn (0,3%). Á haustönn 2022 voru samsvarandi gildi 198 (58,6%), 140 (41,4%) og 0 (0%).
- Meðalaldur fjarnemenda á haustönn 2023 var 19,9 ár og á haustönn 2022 var þessi tala næstum sú sama, eða 19,5 ár.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á haustönn 2023 voru nemendur fæddir 2004, en þeir nemendur voru væntanlega á fjórða ári í framhaldsskóla það haustið, sumir þeirra höfðu þá væntanlega lokið við stúdentsprófið og verið að bæta við sig áföngum vegna háskólanáms. Haustið 2022 voru nemendur fæddir 2003 fjölmennastir, en þeir nemendur voru þá væntanlega einnig á fjórða ári í framhaldsskóla.
- Hver nemandi tók að meðaltali 7,99 einingar á haustönn 2023 og sambærileg tala fyrir haustönn 2022 var 8,54 einingar.

Sjá nánar um nemendur á haustönn 2023 á heimasíðu skólans¹.

Nemendur haustannar 2023 voru skráðir í 2661 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2075 einingar en það voru 78,0% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á haustönn 2022 skiluðu 74,5% eininga sér til prófs.

Ársmemendur í námi á haustönn 2023 voru 44,4 og til prófs skiluðu sér 34,6. Sambærilegar tölur fyrir haustönn 2022 voru 48,1 og 35,8 ársnemendur. Sjá töflu 1.

Vorönn 2024

Á vorönn 2024 voru 92 áfangar kenndir en fleiri áfangar voru í boði. Áfangar á vorönn 2023 voru alls 100. Fjarkennarar á vorönn 2024 voru 48.

Á vorönn 2024 voru 464 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann, en þeir voru 526 á vorönn 2023. Þegar þessi nemendahópur var skoðaður kom í ljós að:

¹ <https://www.verslo.is/fjarnam/skyrslur/fjarnemendur/haustonn-2023/> Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar.

- Fjöldi nemenda á vorönn 2024 var 62 nemendum færri en á vorönn 2023, þetta er tæplega 12% fækkun á milli ára.
- Af 464 nemendum vorannar 2024 voru konur 280 (60,3%) og karlar 184 (39,7%) en á vorönn 2023 var hlutfall kvenna 63,1% og karla 36,9%.
- Meðalaldur fjarnemenda á vorönn 2024 var 19,95 ár, en þessi tala var á vorönninni á undan 19,7 ár.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á vorönn 2024 voru nemendur fæddir 2005, en þeir nemendur voru væntanlega á þriðja ári í framhaldsskóla þetta vorið. Vorið 2023 voru nemendur á þriðja ári í framhaldsskóla einnig (nemendur fæddir 2004) fjölmennasti árgangurinn.
- Að meðaltali tók hver nemandi 7,68 nýjar einingar á vorönn 2024, en sambærileg tala fyrir vorönn 2023 var 7,86 nýjar einingar.

Sjá nánar um nemendur á vorönn 2024 á heimasíðu skólans ².

Nemendur vorannar 2024 voru skráðir í 3565 nýjar einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2747 nýjar einingar en það voru 77,05% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á vorönn 2023 skiluðu 76,36% eininga sér til prófs.

Ársmemendur í námi á vorönn 2024 voru 59,42 og til prófs skiluðu sér 45,78. Sambærilegar tölur fyrir vorönn 2023 voru 68,9 og 52,6 ársnemendur. Sjá töflu 1.

Sumarönn 2024

Á sumarönn 2023 voru 68 áfangar kenndir, en þeir voru 85 á sumarönn 2023.. Fjarkennarar á sumarönn voru 38, en þeir voru 45 sumarið á undan.

Á sumarönn 2024 voru 515 nemendur skráðir í fjarnám, en sumarið áður voru þeir 592. Þegar nemenda hópur sumarannar 2024 var skoðaður nánar kom í ljós að:

- Fjöldi nemenda á sumarönn 2024 var 77 nemendum færri en á sumarönn 2023 og var það 13,0% fækkun á milli ára.
- Af þessum 515 nemendum sumarannar 2024 voru konur 294 (57,1%) og karlar 221 (42,9%). Samsvarandi tölur fyrir sumarönn 2023 voru 50,0% konur, 49,8% karlar og 0,2% af öðru kyni..
- Meðalaldur fjarnemenda á sumarönn 2024 var 20,0 ár en sambærileg tala fyrir sumarönn 2023 var 19,8 ár.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á sumarönn 2024 voru nemendur fæddir 2006, en þeir höfðu þá væntanlega lokið öðru ári í framhaldsskóla. Á sumarönn 2023 var árgangurinn 2005 fjölmennastur en þeir höfðu þá væntanlega einnig lokið öðru ári í framhaldsskóla.
- Að meðaltali tók hver nemandi 7,95 nýjar framhaldsskólæiningar á sumarönn 2024. Sambærileg tala fyrir sumarönn 2023 var 8,6 einingar.

²<https://www.verslo.is/fjarnam/skyrslur/fjarnemendur/voronn-2024/>. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar.

Sjá nánar um nemendur á sumarönn 2024 á heimasíðu skólans³.

Nemendur á sumarönn 2024 voru skráðir í 4092 nýjar framhaldsskólaeiningar. Til lokaprófs skiluðu sér 2876 einingar, en það gera 70,3% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á sumarönn 2023 skiluðu 71,1% eininga sér til prófs.

Ársmemendur í námi á sumarönn 2024 voru 68,2 og til prófs skiluðu sér 47,9 ársnemendur. Sambærilegar tölur fyrir sumarönn 2023 voru 84,5 og 60,1 ársnemendur. Sjá töflu 1.

Önn fjarnám	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársmemendur skráðir	Ársmemendur í próf	% Mæting í próf
H23-fjar	333	7,99	2661	2075	44,35	34,58	77,98
V24-fjar	464	7,68	3565	2747	59,42	45,78	77,05
S24-fjar	515	7,95	4092	2876	68,20	47,93	70,28
Alls	1312	7,87	10318	7698	171,97	128,30	75,11

Tafla 1. Fjarnemendur VÍ skólaárið 2023-2024, tölur úr gagnagrunni INNU.

Í töflu 1 kemur fram að heildarfjöldi ársnemenda í fjarnámi Verzlunarskóla Íslands skólaárið 2023 til 2024 er 172 þegar skráðar einingar eru taldar, en 128 þegar litið er til þreyttra eininga. Mæting í próf á þessu tímabili er rúmlega 75%.

Fagnám verslunar og þjónustu

Á vorönn 2020 fór í gang fagnám verslunar og þjónustu fyrir starfandi verslunarfólk í samstarfi við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks. Námið skiptist upp í 2 lotur á önn og eru áfangar í boði ýmist 2 eða 3 einingar.

Á haustönn 2023 voru loturnar að venju tvær. Alls voru 47 nemendur við nám á önninni. Þessir nemendur voru skráðir í 428 einingar samtals á önninni og samsvaraði það 9,11 einingum að meðaltali á hvern nemanda. Lokanámsmat skilaði sér í 256 einingum, en það var 59,81% eininga. Þessa önnina voru 7,13 ársnemendur skráðir til náms og 4,27 ársnemendur luku áföngum. Á haustönn 2022 voru 44 nemendur við nám á önninni og voru þeir skráðir í 466 einingar samtals sem gera 10,6 einingar að meðaltali á hvern nemanda. Sjá töflu 2.

Á vorönn 2024 voru 40 nemendur við nám í tveimur lotum á önninni. Þessir nemendur voru skráðir í 367 einingar samtals á önninni og samsvaraði það 9,18 einingum að meðaltali

³<https://www.verslo.is/fjarnam/skyrslur/fjarnemendur/sumaronn-2024/>. Tölur eru eins á heimasíðu og í skýrslu, enda unnar í lok sumarannar.

á hvern nemanda. Lokanámsmat skilaði sér í 129 einingum. Alls voru 6,12 ársnemendur skráðir til náms þessa önnina og 3,63 ársnemendur luku áföngum. Lokanámsmat kom því í 59,40% af þeim einingum sem nemendur voru skráðir í. Sjá töflu 2.

Á sumarönn 2024 var ekki boðið uppá áfanga fyrir nemendur í fagnámi verslunar og þjónustu.

Önn fjarnám	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársnemendur skráðir	Ársnemendur í próf	% Mæting í próf
H23-fag	47	9,11	428	256	7,13	4,27	59,81
V24-fag	40	9,18	367	218	6,12	3,63	59,40
Alls	87	9,14	795	474	13,25	7,90	59,61

Tafla 2. Nemendur fagnáms skólaárið 2023-2024, tölur úr gagnagrunni INNU.

Í töflu 2 kemur fram að heildarfjöldi ársnemenda í fagnámi verslunar og þjónustu var 13,25 þegar skráðar einingar voru taldar, en 7,90 þegar litið var til þreyttra eininga. Tæplega 60% skráðra eininga lauk með þreyttum einingum þetta skólaárið.

Í lok haustannar 2023 útskrifaðist 1 nemandi með fagbréf í verslun og þjónustu og 2 í lok vorannar 2024. Alls hafa því 21 nemendur útskrifast frá skólanum með fagbréf í verslun og þjónustu og 6 með stúdentspróf.

Fjöldi ársnemenda skólaárið 2023-2024

Þegar talinn er saman einingafjöldi sem hefðbundna fjarnámið og fagnám verslunar og þjónustu skilaði skólaárið 2023 – 2024, kemur í ljós að ársnemendur skráðir eru rúmlega 185. Þreyttar einingar gefa rúmlega 136 ársnemendur sem gera að meðaltali 69% mætingu í próf þessar annir. Sjá nánar í töflu 3.

Önn fjarnám	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársnemendur skráðir	Ársnemendur í próf	% Mæting í próf
H23-fjar	333	7,99	2661	2075	44,35	34,58	77,98
H23-fag	47	9,11	428	256	7,13	4,27	59,81
V24-fjar	464	7,68	3565	2747	59,42	45,78	77,05
V24-fag	40	9,18	367	218	6,12	3,63	59,40
S24-fjar	515	7,95	4092	2876	68,20	47,93	70,28
Alls	1399	8,38	11113	8172	185,22	136,20	68,91

Tafla 3. Fjöldi ársnemenda í fjarnámi Verzlunarskóla Íslands veturinn 2023-2024.

Þegar fagnám og fjarnám skólans er tekið saman, þá er það eins og framhaldsskóli með 185 nemendur skráða í fullt nám allt árið og þeir ljúka við 69% af einingum sem þeir eru skráðir í á skólaárinu.

Fjarnámsgjöld

Í upphafi vorannar 2022 voru fjarnámsgjöldin hækkuð. Frá þeim tíma hefur kennslugjaldið verið 3600 krónur per einingu og skráningargjaldið 7200 krónur á önn. Nemendur dagskóla Verzlunarskólans greiða einungis kennslugjaldið, aðrir greiða námsgjöld að fullu.

Kennslukerfið

Í lok sumarannar 2024 var kennslukerfið, Moodle, uppfært í útgáfu 4.4.2. Uppfærslan gekk hnökralaust fyrir sig og kennslukerfið var tilbúið til kennslu þann 3. september þegar haustönn 2024 gekk í garð.

Námsmat

Gæðahandbók fjarkennara var skrifuð á haustönn 2022. Gæðahandbókin er lifandi plagg sem tekur breytingum eftir því sem þekkingu okkar á fjarkennslu vindur fram. Nýjasta útgáfan er á heimasíðunni og hægt er að nálgast hana þar⁴.

Eitt af því sem fjallað er um í Gæðahandbókinni er námsmat. Við viljum tryggja að nemandi sem er skráður í áfanga hjá okkur í fjarnámi, vinni verkefni sín sjálfur og taki lokapróf sjálfur. Í skriflegum lokaprófum þarf nemandinn að framvísa skilríki með kennitölu og mynda. Ef áfangi er ekki með **með skriflegt lokapróf** gildir að nemandi verður að hitta kennara (í net- eða raunheimum) og gera grein fyrir hluta verkefna. Með því móti getur kennari verið fullviss um að nemandinn sjálfur hafi unnið verkefni.

⁴ https://www.verslo.is/media/fjarnam/gaedahandbok_fjarkennslu3.pdf

Lokaorð

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur nú verið rekið í 19 ár. Á þessum tíma hefur það vaxið og dafnað í takt við breytingar í samfélaginu. Mikilvægt er að fjarkennslan haldist í hendur við kennslu í dagskólanum, með því móti verða gæði þess best tryggð.

Reykjavík 20. september 2024

Sigurlaug Kristmannsdóttir,
kennslustjóri fjarnáms í VÍ